

REGLUR

um breyting á reglum um innkaup og sölu áfengis og skilmálar í viðskiptum við birgja.

Grein 1.5. orðast svo:

Nái sölutegund í sérpöntunarþjónustu, sbr. 4. tl. þessara reglna, lágmarkshlutfalli til að haldast í kjarna, sbr. tl. 1.10, getur birgir óskað þess að hún flytjist í reynslusölu. Við útreikning hlutfalls skal nota heildarsölu viðkomandi vöruflokks í Vínbúðinni Heiðrónu þ.m.t. sölu í sérpöntunarþjónustu í stað heildarsölu skv. tl. 1.10. Það er skilyrði, að sölutegundin hafi náð tilskildum árangri næstu 12 mánuði, áður en óskað er flutnings svo og að sýnishorn vörunnar hafi verið látin í té og samningur gerður svo sem áskilið er um vörur í reynslusölu. Tímamörk tl. 2.3 eiga ekki við í þessu tilviki. Reynslusala vörunnar hefst innan tveggja mánaða frá samningsgerð.

Reglur þessar öðlast gildi 1. júní 1999.

Reykjavík, 18. maí 1999.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins:

Hildur Petersen

Sigurður M. Magnússon

Árni Tómasson

Með vísan til 13. gr. reglugerðar nr. 205/1998, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, staðfestast hér með framangreindar breytingar á reglum nr. 105/1999 um innkaup og sölu áfengis og skilmálar í viðskiptum við birgja.

Fjármálaráðuneytinu, 21. maí 1999.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Marianna Jónasdóttir.

Nr. 352

7. maí 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu úthlutunar- og starfsreglna stjórnar Bókasafnssjóðs höfunda.

Með vísan til 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 203/1998 um Bókasafnssjóð höfunda hefur menntamálaráðherra hinn 7. maí 1999 staðfest úthlutunar- og starfsreglur stjórnar Bókasafnssjóðs höfunda sem stjórnin hefur samþykkt sbr. fylgiskjal með auglýsingu þessari. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 7. maí 1999.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.